

Benchmark Genetics Iceland hf.
Ella Kristín Geirsdóttir
Bæjarhrauni 14
220Hafnarfjörður

Reykjavík, 16. júní 2021
UST202102-309/gf
08.12.02

Varðar reglubundið eftirlit 2021 – fiskeldi Benchmark Genetics að Kalmanstjörn

Þann 28.4.2021 fór fram eftirlit í fiskeldi Benchmark Genetics Iceland hf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu og snéri hún að tiltekt og förgun hluta á lagersvæði félagsins ef endurnýting er ekki líkleg.

Tvö eldri frávik eru enn opin og snúa þau að umframframleiðslu á árunum 2017 og 2018.

Þrjú ný frávik frá ákvæðum starfsleyfis komu fram í eftirliti. Snúa tvö þeirra að umframframleiðslu á árunum 2019 og 2020.

Alls eru því fjögur frávik skráð vegna umframframleiðslu síðustu fjögurra ára.

Eitt nýtt frávik snýr að rekstri fiskeldisstöðvar án gilds starfsleyfis (rann út 27.04.2021).

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 7.7.2021.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur